

GUÐRÚN EYJÓLFSDÓTTIR

ÁVARP FORMANNS



Guðrún Eyjólfsdóttir

Þankar um framtíðina, þann óafmarkaða tíma sem tekur við af núinu, sækja á þegar framhaldsfræðsla hefur verið starfrækt í tíu ár.

Framhaldsfræðslan þarf í framtíðinni að eiga sér skýra heimilisfesti í íslenska hæfnirammannum. Ramminn er mikilvægt tæki til að auka á gagnsæi á milli og innan skólastiga, skólastofnana og menntakerfa landa. Hann getur stuðlað að sveigjanleika sem atvinnulífið hefur lengi kallað eftir og ýtt undir samkeppnishæfni þess. Hæfnirammann þarf að vinna

út frá menntakerfinu í heild sinni, bæði hinu formlega skóla-kerfi og framhaldsfræðslukerfi sem reynir að ná utan um óformlegt og formlaust nám. Enn sem komið er er hann of skólamiðaður. Fyrsta þrep rammans verður að óbreyttu of breitt, svo að það getur reynst erfitt að byggja upp stiganda eða hvatningu til aukinnar þekkingar- og hæfnileitar hjá þeim sem minnsta menntun hafa. Sú fjölbreytni, sem vinnu- markaðurinn býr yfir og getur búið yfir, verður í framtíðinni að rúmast innan rammans.

Fyrirtæki eru námsstaðir og við ætlum að finna enn fleiri leiðir til að það nám, sem þar fer fram, verði metið ef fólk hefur hug á afla sér frekari menntunar. Þekkinguna, hæfnina og færnina, sem menn tileinka sér í vinnu, á að meta til námseininga. Það má ekki vera ókleifur múr að ljúka skilgreindu starfsnámi og halda svo áfram eftir það standi hugurinn til þess. Í framtíðinni mætum við þeim sem minnstu menntunina hafa með þeim hætti að þeir njóti sín og fái nám og störf við hæfi.

Við ætlum líka að halda áfram því sem við höfum verið að gera og hefur reynst vel. Það á við um raunfærnimatið, vottuðu námsleiðirnar og ráðgjöfina. Við munum þurfa að spýta í lófana, raunfærnimatsleiðum fjölgar hratt og þar með þeim sem vilja ljúka námi eftir raunfærnimat. Það þarf enn fleiri vottaðar starfsnámsleiðir og ráðgjöfin er óaðskiljanlegur hluti raunfærnimats og kennslu fullorðinna. Þeirra sem

eru á vinnuarkaði en stefna að því að ljúka viðurkenndu námi. Hæfniramminn er yfir og allt um kring og verkefni tengjast öll áherslunni á fyrirtæki sem námsstað. Það er nauðsynlegt að virkja þekkingar- færni- og hæfniuppbygg- inguna sem þar fer fram til að búa til fleiri gerðir starfsnáms í takt við nútímann hverju sinni.

Ofangreint lítur að inntaki þess starfs sem unnið er að hjá Fræðslumiðstöðinni og samstarfsaðilum hennar. Í framtíðinni þurfum við að vera tilbúin til endurskoðunar á kerfi framhaldsfræðslunnar en gæta þess að missa ekki sjónir á þeim tilgangi starfsins að stuðla að því að sem flestir sem ekki hafi lokið viðurkenndu nám á framhaldsskólastigi eigi raunhæfan kost á að gera það.

Starf stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur frá upphafi einkennst af eindrægni, skýrri sýn til framtíðar og trausti milli þeirra sem að henni standa. Hæft starfsfólk FA fullt eldmóðs tengist öðrum eins hópi hjá samstarfsaðilunum í símenntunarmiðstöðvum og fræðslustofnunum atvinnu- lífsins og hleypir stefnunni í framkvæmd. Kraftmikil blanda verður samt ekki til án nemenda. Í þeim efnum er að takast vel til. Rúmlega 18 þúsund nemendur í vottuðum námsleiðum frá árinu 2003, tæplega 29 þúsund einstaklingar í náms- og starfsráðgjöf á átta árum og 2.000 manns í gegnum raun- færnimat frá 2007, þar af rúmlega 400 manns á ári sl. tvö ár.

Framtíðin ber í skauti sér brýn og stór viðfangsefni í fræðslumálum. Stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar hyggst takast áfram á við þau sem að henni snúa af ekki minni metnaði en hingað til.